Nr. 12.
12.
maí.

Viðaukalög

við

lög 14. desbr. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Í stað sekta þeirra fyrir brot gegn fiskiveiðasamþykkt, sem ákveðnar eru í lögum 14. desbr. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, má ákveða í samþykkt, að allur hákarlsafli, eða nokkur hluti hans, sem á land er fluttur á opnum skipum frá 30. degi nóvembermánaðar til fyrsta sunnudags í einmánuði, sje gjörður upptækur, ef hákarlsskrokkum hefur verið sleppt í sjó, án þess lífsnauðsyn lægi við, og fellur þá afli sá, sem fluttur er á land, í fátækrasjóð. Þó má ákveða þeim, er brotinu kemur upp, allt að helmingi aflans.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 12. dag maím. 1882.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

Nr. 12.
12te
Mai.

Lov

indeholdende

Tillæg til Lov af 14de Decbr. 1877 om forskjellige Punkter vedrørende Fiskeri paa aabne Baade.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

I Stedet for de i Lov af 14de Decbr. 1877 om forskjellige Punkter vedrørende Fiskeri paa aabne Baade fastsatte Bøder for Overtrædelse af Fiskerivedtægter, kan det ved Vedtægt fastsættes, at det Udbytte af Havkalve-Fangsten, der bringes i Land paa aabne Baade fra 30te November til den 1ste Søndag i den sidste Vintermaaned (einmánuður) helt eller delvis skal konfiskeres, saafremt Havkalvekroppene ere blevne kastede i Havet, uden at det for at undgaa Livsfare har været nødvendigt, og tilfalder den ilandbragte Fangst i saa Fald Fattigkassen; dog kan der tillægges Angiveren indtil Halvdelen af Fangsten.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 12te Mai 1882.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.